

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 20 frá 18. marz 1961
fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðar fyrir Verzlunarbanka Íslands h.f. bætist svofellt ákvæði:
Samkvæmt ákvörðun aðalfundar bankans 8. apríl 1967 skal auka hlutaféð í allt
að 30 milljón krónur. Skal hlutaféð, sem nú er 12 milljónir, aukið um 6 milljón
krónur á hverju ári um sig 1967, 1968 og 1969.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem hlaut meðferð og afgreiðslu á aðalfundi bankans 8. apríl
1967, staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. marz 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Lúðvik Gizurarson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Grímstunguheiðar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Grímstunguheiðar. Heimili þess og varnarþing er
heimili formanns félagsins.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða í Ás- og Sveinsstaðahreppum.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda og auka silungsveiði í öllum vötnum og
lækjum á Grímstunguheiði og leigja veiði í þeim og stöng eða í lagnet á tíma-
bilinu frá 1. apríl til 27. sept. ár hvert.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og 2 meðstjórnendur og er kjörtími
þeirra 3 ár. Skal formaður kosinn á aðalfundi félagsins en meðstjórnendur af sveit-
arstjórnnum aðildarhreppanna hvors um sig, ásamt endurskoðendum.

Varastjórn skal kosin á sama hátt. Enginn félagsmaður getur skorast undan
kosningu, nema hann hafi setið 3 undanfarin ár í stjórninni.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær
menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum
tíma og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störf-
um félagsins og fjárreiðum.